Dagskrá Landsfundar Zontasambands Íslands

3. september 2023 kl. 11.00 - 16.00

Staðsetning: Salur Lionsklúbbsins Hængs,
Skipagötu 14, 4.hæð Akureyri

Yfirskrift fundar er ***Tökum höndum saman*** því nú er sannarlega bæði þörf og nauðsyn að taka höndum saman um að vinna að markmiðum Zonta á lands- og heimsvísu.

1. Aðalheiður Steingrímsdóttir formaður Zontaklúbbsins Þórunn hyrna, býður konur velkomnar.
2. Fundarsetning, Sesselja Sigurðardóttir svæðisstjóri
3. Skipun fundarstjóra og tveggja fundarritara
4. Nafnakall
5. Dagskrá fundarins kynnt
6. Fundargerð síðasta landsfundar - Sigríður Björnsdóttir
7. Skýrsla svæðisstjóra áranna 2022-2023 – Sesselja Sigurðardóttir
8. Samþykkt reikninga ZI – Rósa María Björnsdóttir, gjaldkeri
9. Skýrslur formanna Zontaklúbba um störf frá síðasta landsfundi. Gert ráð fyrir átta mínútum fyrir hvern klúbb.
10. Lagabreytingar
11. Ákvörðun árgjalds og gjalds klúbbanna vegna atkvæðisumboðs.
    Rósa María Björnsdóttir, gjaldkeri
12. Tillögur og ályktanir, sem þurfa að hafa borist svæðisstjóra eigi síðar en viku fyrir landsfund
13. Umræður í hópum
    a. Um erindi Signýjar Óskarsdóttur frá umdæmisþinginu um nýja kynslóð Zontakvenna, hvernig og hvort þær þrífist í klúbbstarfi, hvort breytinga sé þörf og þá hvernig breytingar?
    b. Hvernig við höfum unnið með markmið Zonta frá síðasta heimsþingi sl ár? Hvað getum við gert betur og hvernig?
    c. Samvinna þvert á klúbba, hvað viljum við og hvernig?

    Gert er ráð fyrir um 20 mínútna umræðum um hvern lið. Hver hópur gerir stuttlega grein fyrir niðurstöðum í lok umræðutíma og sendir

fundarriturum niðurstöður hópsins. Unnið verður með niðurstöðurnar á fundum stjórnar Zontasambandsins komandi vetur og mótaðar tillögur og/eða starfsreglur.

Matarhlé verður gert um kl. 12.00. Snæddur verður hádegisverður á veitingastaðnum Strikinu, sem er á 5 hæð í fundarhúsinu. Boðið er upp á súpu og brauð. Kaffi/te og konfekt verður til staðar í fundarrými.

Bestu kveðjur

Sesselja Sigurðardóttir svæðisstjóri 3. svæðis.

Upprifjun

ZI Tvíæringurinn

2022 – 2024 Markmið Zonta - ath lausleg þýðing

1. **Stand Out for Gender Equity**
   Zonta International envisions a world in which women's rights are recognized as human rights; and, as a result, advocacy and action have moved to the forefront of much of what we do.

Zonta International sér fyrir sér heim þar sem réttindi kvenna eru viðurkennd sem mannréttindi; og þar af leiðandi hafa þau málefni og aðgerðir sem snúa að réttindum kvenna verið færð í fremstu víglínu aðgerða okkar.

2. **Represent Global Citizenship**
   Zontians have always reflected the principles of global citizenship as they have worked for the advancement of understanding, goodwill and peace through a world fellowship of clubs and individuals with the charge to serve their communities, their nations and the world.

Zontakonur hafa alltaf endurspeglað meginreglur alþjóðlegs ríkisborgararéttar þar sem þær hafa í klúbbstarfi sínu unnið að og barist fyrir skilningi, velvild og friði. Zonta er samfélag klúbba og einstaklinga, sem hafa það að markmiði að þjóna samfélagi sínu, þjóð sinni og heiminum öllum.

3. **Develop Future Leaders**
   Zonta International, clubs and individual members strive to ensure every woman has access to education and resources and that more women are represented in decision-making positions.

Zonta International, klúbbar og einstakir meðlimir leitast við að tryggja öllum konum aðgang að menntun og úrræðum og að fleiri konur eigi fulltrúa í ákvarðanatökum. / Gegni áhrifastöðum.

4. **Celebrate Ourselves**
   Zontians are the heart and hands of our organization. Without members we are nothing.

Zontakonur eru líf og sál samtakanna. Án meðlima er Zonta ekkert.

5. **Position Zonta International for the Future** In spite of rapid societal shifts, advancing technology, a global pandemic, economic uncertainties, and unprecedented natural disasters, Zonta stands strong as it prepares to enter the next two years; however, Zonta's long-range sustainability is not guaranteed if thoughtful and insightful action is not taken.

Þrátt fyrir örar samfélagsbreytingar, framþróun tækni, heimsfaraldur, efnahagslega óvissu og fordæmalausar náttúruhamfarir, standa Zontasamtökin sterk þar sem þau búa sig undir næsta tvíæring; hins vegar er langvinn sjálfbærni Zonta ekki tryggð ef ekki verður gripið til ígrundaðra aðgerða byggt á innsæi.